

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. október gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-48/2015:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 6. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðgerðarþjónustu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi standi við umsamið verð þjónustunnar.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 22. júlí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 5. ágúst. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. október, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að, að því er virðist, í júní sl. hafði álitsbeiðandi samband við seljanda og fékk hjá honum verðupplýsingar um ísetningu heila í heitan pott. Verðið sem seljandi mun hafa gefið upp var á bilinu kr. 8.000 til kr. 16.000, en í mesta lagi kr. 25.000. Voru uppgæfin verð með virðisaukaskatti. Þegar starfsmaður seljanda kemur síðan á staðinn lítur hann á verkið og segir síðan að verkið sé aðeins meira en hann hafi búist við. Segir álitsbeiðandi að starfsmaðurinn hafi aldrei nefnt nýja fjárhæð við sig heldur hafist handa. Að verki loknu fékk álitsbeiðandi síðan reikning frá seljanda að fjárhæð kr. 92.507, dags. 29. júní. Tekur álitsbeiðandi einnig fram að hann hafi aðstoðað starfsmann seljanda á meðan á verkinu stóð. Segir álitsbeiðandi að hann telji að eðlilegt hefði verið að seljandi hefði nefnt nýtt verð þegar honum hefði sýnst það verða hærra en upphaflega var talað um og gefa álitsbeiðanda þannig kost á að hætta við. Krefst álitsbeiðandi að seljandi standi við umsamið verð.

#### **V**

##### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi viðgerðarþjónustu af seljanda, að því er virðist, í júní 2015. Var þjónustan fólgin í því að setja nýjan „heila“ í heitan pott álitsbeiðanda. Að verkinu loknu sendi seljandi álitsbeiðanda reikning að fjárhæð kr. 92.507.

Álitsbeiðandi telur reikning seljanda of háan og vísar til þess að seljandi hafi sagt að verkið myndi að hámarki kosta kr. 25.000 og mögulega jafn lítið og kr. 8.000. Hins vegar hafi seljandi nefnt það þegar hann kom á verkstað að verkið væri meira en hann hafði búist við.

Seljandi hafi hins vegar ekki nefnt neitt nýtt verð, en það telur álitsbeiðandi að seljanda hefði verið skylt að gera og með því hefði álitsbeiðandi átt möguleika á að hætta við verkið. Sem fyrir segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi standi við upphaflegt tilboð sitt.

Kærunefndin telur að þrátt fyrir fullyrðingar álitsbeiðanda verði ekki ráðið af gögnum máls, svo að niðurstaða verði á því byggð, að komist hafi á gildur samningur milli aðila um að seljandi tæki að sér ákveðið verk fyrir ákveðna fjárhæð enda þótt vera kunni að tölur á bilinu kr. 8.000 til kr. 25.000 hafi komst til tals á milli aðila. Virðist álitsbeiðandi heldur ekki, þrátt fyrir að hafa haft til þess tækifæri áður en verkið hófst og starfsmaður seljanda kominn á staðinn, reynt að fá fram endanlegt verð í verkið. Kærunefndin þannig ekki forsendur fyrir því að fallast á kröfum álitsbeiðanda um að seljandi skuli „standa við umsamið verð“.

Lýsing álitsbeiðanda á verkinu er stuttaraleg en verkið mun hafa snúist um að setja „heila“ í heitan pott í eigu álitsbeiðanda. Mun verkið hafa tekið lengri tíma en seljandi áætlaði í upphafi. Álitsbeiðandi hefur hins vegar engar athugasemdir gert við tímaskráningu seljanda við verkið, þrátt fyrir að hafa verið viðstaddur, og að eigin sögn aðstoðað seljanda, á meðan verkið var unnið. Krafa álitsbeiðanda verður ekki skilin örðu vísi en að hún beinist eingöngu að því að viðurkennt verði að hann þurfi ekki að greiða meira en kr. 25.000 fyrir það verk sem seljandi vann, en ekki kr. 92.507 eins og seljandi mun hafa gert álitsbeiðanda reikning fyrir. Samkvæmt framansögðu telur kærunefndin að afgreiðsla málsins af hennar hálfu felist í því að taka afstöðu til þess hvort reikningur seljanda sé í samræmi við ákvæði 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, en greinin er svohljóðandi:

„Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Reikningur seljanda er sundurliðaður. Efniskostnaður skv. reikningnum er samtals kr. 23.971. Akstur er kr. 6980 en vinna kr. 58.877 fyrir 6 unna tíma. Álitsbeiðandi gerir hvorki athugasemdir við vinnulið reikningsins, þrátt fyrir að hafa verið viðstaddur verkið, né aðra liði. Telur kærunefndin því engar forsendur fyrir því að endurmeta fjárhæð reikningsins. Niðurstaða kærunefndarinnar samkvæmt framansögðu er að álitsbeiðanda beri að greiða reikning seljanda frá 29. júní sl. Er kröfum álitsbeiðanda því hafnað.

## VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir